

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 53/2000

frá 28. júní 2000

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 26/2000 frá 31. mars 2000⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/84/EB frá 19. desember 1996 um breytingu á tilskipun 89/398/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um séræði⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 141, 15.6.2000, bls. 46 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 28, 15.6.2000, bls. 268.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 48, 19.2.1997, bls. 20.

1. gr.

Eftirfarandi komi aftan við 51. lið (tilskipun ráðsins 89/398/EBE) í XII. kafla í II. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **396 L 0084:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/84/EB frá 19. desember 1996 (Stjtið. EB L 48, 19.2.1997, bls. 20).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Í 4. gr. bætist eftirfarandi undirgrein við á eftir síðustu málsgrein í málsgrein 1a:

„Að því er varðar slíka tímabundna markaðsheimild getur samningsaðili, enda hafi hann réttmætar ástæður til að ætla að vara stofni heilsu manna í hættu, að takmarka og/eða banna sölu þessarar vöru á yfirráðasvæði sínu. Hann skal án tafar tilkynna öðrum samningsaðilum um slíka aðgerð á vettvangi sameiginlegu EES-nefndarinnar og rökstyðja ákvörðun sína. Ef samningsaðili krefst þess skal hafa samráð um viðeigandi ráðstafanir innan sameiginlegu EES-nefndarinnar. VII. hluti samningsins skal gilda.““

2. gr.

Texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 96/84/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann 29. júní 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*)

(*) Engin stjórnsýsluleg skilyrði tilgreind.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 28. júní 2000.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner